

# Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

---

Fundargerð 15. fundar verkefnahóps Byggðasamlags Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks haldinn 17. janúar kl. 8:30, í fundarsal Háskólaseturs Vestfjarða að Árnagötu 2 – 4, 400 Ísafirði.

Mætt til fundar Arnheiður Jónsdóttir, formaður verkefnahóps, Elsa Reimarsdóttir, Guðný Hildur Magnúsdóttir, Hildur Jakobína Gísladóttir og Margrét Geirsdóttir. Auk þess sat fundinn Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri sem ritaði einnig fundargerð.

Dagskrá:

1. Trúnaðarmál.  
Trúnaðarmál, færð í trúnaðarmálabók.

Samþykkt að taka á dagskrá bréf Styrktarfélags fatlaðra á Vestfjörðum (SFV) frá 6. desember 2011. *Athugasemdir við reglur um afgreiðslu umsókna um skammtímvistun og verklag skammtímvistunar.*

Farið yfir atriði bréfs SFV með vísan til reglna BsVest um skammtímvistun ásamt bókunum á 11. og 13. fundi verkefnahóps. Athugasemdir SFV koma eftir að starfsreglur hafa farið til umsagnar í félagsmálanefndum og kynningu í stjórn BsVest 25. nóvember s.l.. Rætt um efnisatriði bréfs SFV og eftirfarandi ákveðið.

- *Samþykkt að taka til endurskoðunar orðalag reglna um skammtímvistun, með tilliti til athugasemda SFV og reynslu sem er komin á úrvinnslu mála á grundvelli reglnanna.*
- *Samþykkt að formaður sendi einnig bréf til aðstandenda til að útskýra framkvæmd reglnanna.*

2. Reglur um stuðningsfjölskyldur.

Farið yfir tillögur að breytingum á reglum um stuðningsfjölskyldur á grundvelli draga sem lögð voru fram á 10. fundi verkefnahóps þann 19. október 2011. Formaður tekur saman breytingar og sendir að nýju til verkefnahóps til afgreiðslu og í framhaldi afgreiðslu fari reglur til kynningar fyrir aðstandendum og stuðningsfjölskyldum. Stefnt er að afgreiðslu reglna málsins á næsta fundi verkefnahóps hafi ekki komið fram verulegar breytingar sem þarfnast nánari skoðunar.

3. Reglur um styrki til náms og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks.

Samkvæmt eldri reglum ber að auglýsa árlega styrki til náms- og verkfæra- og tækjakaupa fatlaðs fólks. Samræma þarf reglur á landsvísu við útgáfu reglna að hálfu BsVest. Samþykkt að fela verkefnisstjóra að setja fram tillögu að reglum til að leggja fyrir verkefnahóp. Samþykkt að auglýsa fyrir árin 2011 og 2012 í einu lagi.

4. Breytingarkostnaður greiddur út á árinu 2011.

Verkefnastjóri kynnti að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefði greitt til BsVest þann 30. desember s.l. fjárhæð kr 6.164.966,- vegna breytingarkostnað við yfirfærslu málaflokksins. Óskað hefur verið eftir forsendum sjóðsins varðandi fjárhæð breytingarkostnaða, en svar hefur ekki borist. Málið verður kynnt að nýju þegar svar liggur fyrir.

5. Kostnaður vegna lengdrar viðveru grunn og framhaldsskólubarna árið 2011.

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga hefur greitt kr 1.136.998,-. Samþykkt að félagsþjónusta Ísafjarðabæjar og BsVest gangi frá samkomulag um skiptingu fjármuna og kynni verkefnahópi.

6. Fjárhagur ársins 2011 – vinna við að fá leiðréttingu á fjárframlagi til BsVest.

# Byggðasamlag Vestfjarða um málefni fatlaðs fólks

---

Verkefnastjóri kynnti samskipti BsVest varðandi kröfu BsVest um leiðréttingu á fjárframlögum ársins 2011 með tilliti til **vanáætlunar** á umfangi og skipulagi starfsemi svæðisskrifstofu málefna fatlaðra á Vestfjörðum. Erindi hafa verið send á Jöfnunarsjóð sveitarfélaga, velferðarráðuneyti, sambandi íslenskra sveitarfélaga og samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks. Skrifleg svör hafa ekki borist við þessum erindum og hefur verið óskað eftir fundi með velferðaráðherra til krefja svara. Miðað er við að þann fund sæki fulltrúi stjórnar, verkefnisstjóri, Ísafjarðarbæjar og framkvæmdastjóri eftir atvikum.

7. Fjárhagsáætlanir – fundir framkvæmdarstjóra og verkefnastjóra með félagsþjónustunum. Fundir verkefnastjóra og framkvæmdastjóra eru að hefjast um fjárhagsáætlanir sveitarfélaga innan hvers félagsþjónustusvæðis.

8. Fundir verkefnahóps á árinu 2012. Verkefnastjóri kynnti tillögu að dagsetningu funda verkefnahóps um miðjan apríl og í byrjun október, fjarfundir verða haldnir þar á milli.

9. Samræming, verklag, skipulag innan BsVest.  
Frestað

10. Umræðufundur um atvinnumál fatlaðra. Samband íslenskra sveitarfélaga boðaði þann 11. janúar s.l. með tölvupósti, til umræðufundar um atvinnumál fatlaðra. Fundurinn verður haldinn þann 20. janúar n.k. í húsakynnum sambandsins og með fjarfundi. Formaður mun sækja fundinn.

Í framhaldi fundar var farið í kynnisferð í starfstöðvar BsVest á Ísafirði þ.e. Vesturafli, Hvesta og skammtímavistun. Rekstur og stjórnun starfstöðvanna er í umsjón Ísafjarðarbæjar.